

36. fundur velferðarráðs
29.04.2021

**36. fundur velferðarráðs
haldinn í fjarfundi 29. apríl 2021 og hófst hann kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Bergrún Halldórsdóttir (BH), Helga Birna Berthelsen (HBB), Solveig Björk Bjarnadóttir (SBB), Jón Árnason (JÁ), Heba Harðardóttir (HH), Arnheiður Jónsdóttir (AJ) og Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir (SSS).

Fundargerð ritaði: Arnheiður Jónsdóttir, Sviðsstjóri fjölskyldusviðs

Dagskrá:**4. Fundargerð Heilbrigðisnefndar 25.febrúar 2021 - 2103002**

Lagt fram til kynningar

1. Aukið félagsstarf fullorðinna 2021 vegna COVID-19 - 2103030

Félags og barnamálaráðherra hvetur sveitarfélög til að efla félagsstarf fullorðinna á árinu 2021. Ákveðið hefur verið að styðja við þau sveitarfélög sem vegna COVID-19 hyggjast auka við stafsssemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna 2021 umfram hefðbundið starf.

Gert er ráð fyrir að hvert sveitarfélag geti sótt um 1.700 kr fyrir hvern íbúa í sveitarfélagin eldri en 67 ára.

Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur sótti um og skilaði inn verkefnaáætlun þar sem gert er ráð fyrir samstarfi milli félagsstarfs á Patreksfirði, Tálknafirði, Bíldudal og Barðaströnd.

Samþykkt

2. Umsókn um að gerast stuðningsfjölksk. - 2101063

Fjölskylda sækir um að gerast stuðningsfjölskylda. Heimili og aðstæður teknar út samkvæmt reglum.

Velferðarráð samþykkir leyfisveitingu.

Samþykkt

3. Trúnaðarmál - 1904013

Tvö trúnaðarmál tekin fyrir og skráð í trúnaðarmálabók.

5. Fundargerð Hvest 27.02.2020 - 2003015

Lagt fram til kynningar

6. Tilkynning til sveitarfélaga - Áhrif nýrrar jafnréttislöggjafar á sveitarfélög - 2103007

Tekið fyrir bréf frá Jafnréttisstofu

þar segir m.a:

lögnum um stjórnslu jafnréttismála er í 13. gr. fjallað um skyldur sveitarfélaga. Um er að ræða töluverðar breytingar frá lögum nr. 10/2008. Áætlanir sveitarfélaga í jafnréttismálum skulu nú taka til markmiða og aðgerða til að koma í veg fyrir

mismunun, ekki eingöngu vegna kyns sbr. lög nr. 150/2020, heldur einnig sbr. lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlan, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu nr. 86/2018. Þá hefur einnig verið gerð sú breyting að ekki er lengur kveðið á um skipun sérstakra jafnréttisnefnda heldur skal sveitarstjórn fela byggðaráði eða annarri fastanefnd sveitarfélagsins að fara með jafnréttismál.

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.17:00.

Bergrún Halldórsdóttir (BH)

Helga Birna Berthelsen (HBB)

Solveig Björk Bjarnadóttir
(SBB)

Jón Árnason (JÁ)

Heba Harðardóttir (HH)
